



Fréttatilkynning
20. febrúar 2007

Hagnaður fyrstu 6 mánuði €17,7m (ISK 1,6 milljarðar) Aukning um 47% milli ára

Helstu atriði úr rekstrinum:

- Sala á öðrum ársfjórðungi nam 235 milljónum evra sem er 6,1% aukning frá síðasta ári.¹ Sala fyrstu sex mánuði ársins var 346,9 milljónir evra sem jafngildir 6,3% innri vexti milli ára.
- EBITDA á öðrum ársfjórðungi nam 34,7 milljónum evra og 38,3 milljónum evra fyrstu sex mánuði ársins. EBITDA aukning er 20% milli ára.
- Hagnaður eftir skatta á öðrum ársfjórðungi er 19,4 milljónir og 17,7 milljónir evra fyrstu sex mánuði fjárhagsársins sem 47% aukning milli ára.
- Gengið hefur verið frá kaupum á franska skelfisk fyrirtækinu Adrimex. Heildarkaupverð (enterprise value) er um 21 milljón evra.
- Hráefnisverð á laxi virðist vera að ná meiri stöðugleika. Framboð af laxi sem verður tilbúinn til slátrunar seinni part ársins 2007 er um 32% meira en á síðsta ári.
- Félagið mun skoða möguleika á endurfjármögnun samstæðunnar í ljósi minnkandi skuldsetningar.

Xavier Govare, forstjóri Alfesca:

“Annar ársfjórðungur fjárhagsársins er sá langmikilvægasti til þess að tryggja góða afkomu á árinu í heild. Fyrir hönd Alfesca er ég mjög ánægður bæði með afkomu og ekki síður markaðsstöðu félagsins. Hvorttveggja er framar áætlunum og væntingum. Það er ljóst að sú stefnumótun félagsins að leggja megin áherslu á fjórar megin afurðaflokka þ.e. lax, skelfisk, andaafurðir, brauð-og smurafurðir var rétt og er að skila félaginu og hluthöfum þessum góða árangri. Þetta sést best á því að við höfum haldið áfram að auka markaðshlutdeild okkar ásamt því að auka hagnað félagsins á sama tíma.”

Við höfum nú nýlokið við kaup á franska skelfisk fyrirtækinu Adrimex. Með kaupunum á Adrimex verður Alfesca samstundis leiðandi á Frakklandsmarkaði í sölu kældra skelfiskafurða. Markaðsstaða sem félagið hefur í öðrum afurðaflokkum í Frakklandi sem og í skelfiski í Bretlandi. Nú er framundan vinna við að samþætta rekstur Adrimex við rekstur Alfesca og bæta okkar stöðu enn frekar.”

¹ Fjárhagsár Alfesca hefst 1. júlí og lýkur 30. júní.

Lykiltölur úr rekstrinum

| Rekstrarreikningur Alfesca | | | | | | | |
|--|---------------|----------------|----------------|---------------|---------------|----------------|----------------|
| í þúsundum evra | Okt.-Des. '06 | Jul.-Sep. '06 | Apr.-Jun. '06 | Jan.-Mar. '06 | Oct - Dec '05 | Jul - Sep '05 | Apr - Jun '05 |
| | Q2 '06/'07 | Q1 '06/'07 | Q4 '05/'06 | Q3 '05/'06 | Q2 '05/'06 | Q1 '05/'06 | Q4 '04/'05 |
| Sölutekjur | 235.013 | 111.841 | 116.907 | 111.481 | 221.472 | 104.799 | 100.819 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (186.196) | (100.209) | (103.145) | (93.980) | (176.220) | (93.070) | (90.740) |
| Framlegð | 48.817 | 11.632 | 13.762 | 17.501 | 45.252 | 11.729 | 10.079 |
| Aðrar tekjur | (343) | 0 | 643 | 2 | 17 | 34 | 22 |
| Rekstrarkostnaður | (18.048) | (12.529) | (13.457) | (15.503) | (20.345) | (13.118) | (12.323) |
| Rekstrarhagnaður | 30.426 | (897) | 948 | 2.000 | 24.924 | (1.355) | (2.222) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (2.867) | (3.250) | (2.137) | (2.116) | (2.459) | (2.560) | 2.248 |
| Afkoma hlutdeildarféлага | (18) | 0 | (59) | 0 | 77 | 36 | 0 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 27.541 | (4.147) | (1.248) | (116) | 22.542 | (3.879) | 26 |
| Reiknaðir skattar | (8.124) | 2.164 | 4.168 | 2.384 | (6.596) | 1.765 | (261) |
| Hagnaður (tap) eftir skatta | 19.417 | (1.983) | 2.920 | 2.268 | 15.946 | (2.114) | (235) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aflögð starfsemi | 0 | 229 | (3.523) | (1.744) | (625) | (1.162) | 1.591 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 19.418 | (1.753) | (603) | 524 | 15.321 | (3.276) | 1.356 |
| Afskriftir | 4.322 | 4.400 | 5.494 | 3.607 | 3.802 | 4.373 | 3.735 |
| EBITDA | 34.748 | 3.503 | 6.442 | 5.607 | 28.726 | 3.018 | 1.513 |
| | 14,8% | 3,1% | 5,5% | 5,0% | 13,0% | 2,9% | 1,5% |

| Efnahagsreikningur - Eignir | | | | | |
|------------------------------|-----------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | í þúsundum evra | 31.12.2006 | | 30.6.2006 | |
| | | | | | |
| Óefnislegar eignir | | 319.183 | 46% | 318.764 | 51% |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 101.187 | 15% | 107.523 | 17% |
| Aðrar langtímakröfur | | 16.178 | 2% | 14.879 | 2% |
| Fastafjármunir | | 436.548 | 64% | 441.166 | 71% |
| Birgðir | | 76.615 | 11% | 91.905 | 15% |
| Skammtímakröfur | | 157.568 | 23% | 50.788 | 8% |
| Sjóður og bankainnistæður | | 15.747 | 2% | 14.479 | 2% |
| Veltufjármunir | | 249.930 | 36% | 157.172 | 25% |
| Eignir ætlaðar til sölu | | 0 | 0% | 25.805 | 4% |
| Eignir | | 686.478 | 100% | 624.143 | 100% |

| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir | | | | | |
|---|-----------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | í þúsundum evra | 31.12.2006 | | 30.6.2006 | |
| | | | | | |
| Eigið fé | | 287.738 | 42% | 269.168 | 43% |
| Tekjuskattskuldbinding | | 49.079 | 7% | 49.844 | 8% |
| Aðrar skuldbindingar | | 10.146 | 1% | 10.526 | 2% |
| Skuldir við lánastofnanir | | 146.220 | 21% | 159.830 | 26% |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 205.445 | 30% | 220.200 | 35% |
| Skuldir við lánastofnanir | | 71.367 | 10% | 23.411 | 4% |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 108.663 | 16% | 87.772 | 14% |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 13.265 | 2% | 13.243 | 2% |
| Skammtímaskuldir | | 193.295 | 28% | 124.426 | 20% |
| Skuldir vegna eigna er ætlaðar eru til sölu | | 0 | 0% | 10.349 | 2% |
| Eigið fé og skuldir | | 686.478 | 100% | 624.143 | 100% |

Rekstrarniðurstaða

Sala á öðrum fjórðungi (október – desember) nam 235 milljónum evra borið saman við 221,5 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Þetta jafngildir 6,1% söluaukningu milli tímabilanna. Rekstur frystisviðs Delpierre var formlega seldur í byrjun september. Sölutekjur frystisviðsins eru því ekki í sölutölum félagsins á þessu ári né í samanburðartölum á síðasta ári, tölur eru því samanburðarhæfar. Starfsemi frystisviðsins er öll færð undir liðnum "Aflögð starfsemi".


Sala eftir afurðaflokkum

| Afurðaflokkar | % af heild | Verðmæti í þús. evra | | |
|-----------------------|-------------|----------------------|----------------|-------------|
| | | Jul.- Des. '06 | Jul.- Des. '05 | Breyt.% |
| Reyktar afurðir | 41% | 143.374 | 125.455 | 14,3% |
| Skelfiskafurðir | 17% | 59.089 | 50.804 | 16,3% |
| Anda- og gæsaafurðir | 26% | 88.762 | 82.456 | 7,6% |
| Smur- og brauðafurðir | 5% | 16.930 | 15.702 | 7,8% |
| Saltaðar afurðir | 4% | 13.813 | 14.059 | -1,7% |
| Annað | 7% | 24.886 | 37.795 | -34,2% |
| Samtals | 100% | 346.854 | 326.271 | 6,3% |

Áframhaldandi mjög góður vöxtur var í sölu á skelfiskafurða milli ára eða 16% en Alfesca hefur einmitt nýlega fest kaup á skelfiskafyrirtækinu Adrimex í Frakklandi. Nánar er fjallað um þau kaup síðar í tilkynningunni. Jafnframt var góður vöxtur í sölu reykttra afurða eða 14% sem og anda- og smurafurða eða um 8% í hvorum afurðaflokki. Samanlagt er innri vöxtur þessara fjögurra megin afurðaflokka félagsins um 12% að meðaltali milli ára en saman mynda þeir 89% af heildarveltu Alfesca á tímabilinu.

Rekstrarumhverfi í söltuðum afurðum var áfram erfitt en samdráttur í sölu síðustu 6 mánuði milli ára er tæp 2% en þess ber að geta að sala tók við sér í þessum afurðaflokki í öðrum ársfjórðungi en samdráttur á fyrsta ársfjórðungi þessa fjárhagsárs var um 14% milli ára. Sala á öðrum afurðum er 34% lægri milli ára. Þetta skýrist nær eingöngu með því að sala hjá Christiansen Partner í Noregi er umtalsvert lægri vegna undanfarins óstöðugleika á hráefnisverði á laxi. Þessi lækkun sölutekna kemur þó ekki að sök þar sem eðli þessara viðskipta er að framlegð er lág.

EBITDA á öðru ársfjórðungi er ríflega 6 milljónum evra hærrí en á síðasta ári eða 34,7 milljónir evra samanborið við 28,7 milljónir evra. EBITDA á fyrstu tveimur ársfjórðungum er 20% hærrí það sem af er fjárhagsárinu eða 38,3 milljónir evra en var 31,7 milljónir evra á síðasta ári. Þessi framlegðaraukning skýrist annars vegar af góðum innri vexti milli ára og hins vegar að rekstrarkostnaður félagsins er lægri milli ára. Hafa ber í huga að rúmlega 1 milljón evra söluhagnaður af fasteign félagsins á Íslandi er færður undir þessum lið.




Nettó fjármagnskostnaður félagsins fyrstu sex mánuði fjárhagsársins er 6,1 milljón evra samanborið við 5 milljónir evra á sama tímabili á síðasta ári. Eins og fram kom í uppgjöri fyrsta ársfjórðungs þá skýrist hærri fjármagnskostnaður annars vegar af lægri fjármagnstekjum á þessu fjárhagsári vegna lægri sjóðsstöðu sem er tilkominn vegna hraðari uppgreiðslu á lánnum og hins vegar hafa vextir farið hækkanði í Evrópu að undanförmu. Félagið hefur gert vaxtaskiptasamninga sem verja félagið að hluta fyrir slíkum vaxtahækkunum en þó ekki að öllu leyti.

Reiknaðir skattar félagsins á öðrum ársfjórðungi eru 8,1 milljón evra og tæpar 6 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum fjárhagsársins sem er ríflega 25% skatthlutfall. Hagnaður eftir skatta er því 19,4 milljónir evra á öðru ársfjórðungi og 17,7 milljónir evra fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 12 milljónir evra á síðsta ári eða 47% hærri milli ára sem eru verulega umfram áætlanir félagsins.

Þróun verðs á laxi

Meðfylgjandi graf sýnir verðþróun á norskum eldislaxi² frá upphafi árs 2005 til 9. febrúar 2007. Verð á laxi náði hámarki í lok júní 2006 þegar verðið var €5,80 pr. kg.



Þetta háa laxaverð hafði eðlilega töluverð áhrif á afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi en síðan lok júní þá hefur verð á laxi lækkað nokkuð. Að undanförmu hefur verð á laxi verið í kringum €3,20 pr. kg. sem er nokkuð hærri en meðalverð undanfarinna ára en engu að síður virðist sem verð á laxi sé aftur að ná meiri stöðuleika og jafnvægi.

Jafnframt eru líkur eru á því að verð á laxi geti haldi áfram að lækka ef horft er til þess að magni af laxi sem gert er ráð fyrir að slátrað verði á næsta hausti og í byrjun árs 2008 er 32%³ meira í ár samanborið við síðasta ár.

² Verð á norskum laxi í grafinu er hráefnisverð á 4-5 kg slægðum laxi samkvæmt upplýsingum Samtaka fiskvinnslu- og fiskeldisstöðva í Noregi (FHL). Verð er án tolla.

³ Skýrsla Kontali í janúar 2007

Efnahagsreikningur

Birgðastaða í lok desember nam 76,6 milljónum evra og hefur lækkað um rúmlega 32 milljónir evra síðan lok september þegar birgðaverðmæti nam 109,2 milljónum evra.

Að sama skapi hafa viðskiptakröfur félagsins hækkað umtalsvert. Í lok september voru útistandandi viðskiptakröfur 66,8 milljónir evra en eru í lok desember 157,6 milljónir evra. Þessi mikla sveifla í veltufjárumunum félagsins skýrist fyrst og fremst af jólasölu félagsins.

| Efnahagsreikningur - Eignir | | | | | |
|------------------------------|-----------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | Í þúsundum evra | 31.12.2006 | | 30.6.2006 | |
| Óefnislegar eignir | | 319.183 | 46% | 318.764 | 51% |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 101.187 | 15% | 107.523 | 17% |
| Aðrar langtímakröfur | | 16.178 | 2% | 14.879 | 2% |
| Fastafjármunir | | 436.548 | 64% | 441.166 | 71% |
| Birgðir | | 76.615 | 11% | 91.905 | 15% |
| Skammtímakröfur | | 157.568 | 23% | 50.788 | 8% |
| Sjóður og bankainnistæður | | 15.747 | 2% | 14.479 | 2% |
| Veltufjármunir | | 249.930 | 36% | 157.172 | 25% |
| Eignir ætlaðar til sölu | | 0 | 0% | 25.805 | 4% |
| Eignir | | 686.478 | 100% | 624.143 | 100% |

| Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir | | | | | |
|---|-----------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | Í þúsundum evra | 31.12.2006 | | 30.6.2006 | |
| Eigið fé | | 287.738 | 42% | 269.168 | 43% |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 49.079 | 7% | 49.844 | 8% |
| Aðrar skuldbindingar | | 10.146 | 1% | 10.526 | 2% |
| Skuldir við lánastofnanir | | 146.220 | 21% | 159.830 | 26% |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 205.445 | 30% | 220.200 | 35% |
| Skuldir við lánastofnanir | | 71.367 | 10% | 23.411 | 4% |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 108.663 | 16% | 87.772 | 14% |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 13.265 | 2% | 13.243 | 2% |
| Skammtímaskuldir | | 193.295 | 28% | 124.426 | 20% |
| Skuldir vegna eigna er ætlaðar eru til sölu | | 0 | 0% | 10.349 | 2% |
| Eigið fé og skuldir | | 686.478 | 100% | 624.143 | 100% |

Efnahagsreikningur Alfesca er sem fyrr afar traustur og er eiginfjárlutfallið í lok desember 42% en hafa ber í huga að í lok desember er efnahagsreikningurinn nokkuð bólginn og þegar viðskiptakröfur hafa fengist greiddar má gera ráð fyrir að eiginfjárlutfallið verði í kringum 45%.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding félagsins í lok desember er 49,1 milljónir evra, þar af eru 40,8 milljónir evra vegna vörumerkja félagsins. Eins og fram hefur komið þá mun tekjuskattsskuldbinding vegna vörumerkja félagsins ekki koma til greiðslu nema ef til þess kæmi að vörumerkin væru seld sérstaklega út úr félaginu sem verður að teljast afar ólíklegt vegna mikilvægis vörumerkjanna fyrir félagið og auk þess af skattalegum ástæðum.

Vaxtaberandi langtímaskuldir eru í lok desember 159,5 milljónir evra og hafa lækkað um tæpar 14 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum fjárhagsársins vegna enn frekari niðurgreiðslu á lánum félagsins.

Vaxtaberandi skammtímaskuldir í formi lánalínu við viðskiptabanka félagsins náðu hámarki í lok desember þegar þær voru 71,4 milljónir evra. Þessi aukning er eingöngu tilkominn vegna árstíðabundinna sveiflna í tengslum við jólasölu félagsins. Í þessu samhengi er líka vert að horfa til að sjóðsstaða í lok desember var um 15,7 milljónir evra þannig að nettó vaxtaberandi skammtímalán eru því nær því að vera 56 milljónir evra. Í dag hefur langmestur hluti af jólasölu félagsins verið greiddur. Skammtímaskuldir við viðskiptabanka félagsins eru því að fullu greiddar og félagið er með jákvæða sjóðsstöðu því til viðbótar.

Aðrar skammtímaskuldir voru 108,7 milljónir evra samanborið við 95,8 milljónir evra í lok september. Þessi hækkun skýrist af sömu ástæðu og fram hefur komið þ.e. árstíðabundinni sveiflu í veltufjármunum félagsins.

Kaup á Adrimex

Eins og kom fram í tilkynningu félagsins í gær, mánudaginn 19. febrúar, hefur félagið nú lokið við kaup á franska skelfisk fyrirtækinu Adrimex. Alfesca hefur jafnframt tekið við rekstri félagsins og mun Adrimex koma inn í samstæðu félagsins frá og 19. febrúar og því hluti af næsta ársfjórðungsuppgjöri félagsins.

Kaupverð (enterprice value) er 21,2 milljónir evra. EBITDA félagsins á síðasta ári (október '05 til september '06) var 3,35 milljónir evra.

Kaupin eru fjármögnuð að fullu með láni frá franska bankanum Natixis sem er þátttakandi í núverandi sambankaláni Alfesca.

Sölutekjur Adrimex á síðasta ári voru 56,4 milljónir evra sem er ríflega 14% auking frá árinu á undan. Á síðustu þremur árum hefur innri vöxtur Adrimex að jafnaði numið 9% en áherslan hefur verið á vinnslu stórrar heitsjávarrækju og þróun virðisaukandi afurða. Vörur Adrimex eru aðallega seldar í frönskum stórmörkuðum.

Endurfjármögnun skoðuð

Núverandi lánsfjármögnun Alfesca tekur mið af því að þegar Labeyrie Group var keypt í desember 2004 var félagið nokkuð skuldsett. Auk þess voru framundan umtalsverðar breytingar á rekstri félagsins, sala á rekstrareiningum, dótturfélögum og samþætting á starfseminni. Lánakjör tóku því eðlilega mig af þessum þáttum.

Í dag er staða félagsins gjörbreytt. Öllum þáttum sem snúa að umbreytingu félagsins er nú lokið og í nánast öllum tilvikum hefur tekist betur til en upphaflega var ráð fyrir gert.

Eins og fram hefur komið hefur félagið lagt áherslu á að greiða niður vaxtaberandi skuldir. Ástæðan er að kjörin eru í hærrí kantinum og auk þess hefur legið fyrir að félagið væri að horfa til endurfjármögnunar.

Skoðun á möguleikum í endurfjármögnun er nú hafin og er gert ráð fyrir að það liggi fyrir á næstu 1-2 mánuðum hvaða stefnu félagið mun taka í þeim efnum. Hvort ráðist verður í endurfjármögnun og þá með hvaða hætti. Ef horft er til núverandi skuldsetningar og styrk félagsins er það skoðun stjórnenda félagsins að óbreyttu gæti endurfjármögnun félagsins lækkað fjármagnskostnað nokkuð.

Horfur

Rekstrarniðurstöður það sem af er fjárhagsársins eru umtalsvert betri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Alfesca er leiðandi á sínu sviði og leggur ríka áherslu á vöruþróun í starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að hluti af þessum nýjum vörum verði kynntar á komandi mánuðum.

Svo virðist sem hráefnisverð á laxi sé að ná meiri stöðugleika og verðið hefur lækkað umtalsvert frá því að verðið náði sögulegu hámarki í lok júní s.l. Vonir eru því bundnar við að hráefnisverð á laxi muni því ekki hafa truflandi áhrif á rekstrarniðurstöður seinni hluta fjárhagsársins.

Alfesca hefur nú lokið við kaup á franska fyrirtækinu Adrimex. Framundan er áframhaldandi vinna við að samþætta rekstur Adrimex við rekstur Alfesca og nýta til þess þekkingu sem þegar er til staðar í félaginu, annars vegar hjá Lyons Seafoods varðandi skelfiskafurðir og hins vegar öfluga markaðsstöðu Alfesca í Frakklandi.

Í samræmi við stefnu félagsins er gert ráð fyrir fleiri fyrirtækjakaupum á næstu mánuðum með það að markmiði að styrkja kjarnastarfsemi félagsins. Félagið hefur auk þess hafið frumskoðun á umtalsvert stærri ytri vexti og stefnir að slíkum fyrirtækjakaupum ef og þegar rétt tækifæri gefast á næsta 12-18 mánuðum.

Almennt séð gera stjórnendur félagsins ráð fyrir að afkoma á þriðja ársfjórðungi verði í takt við rekstur félagsins það sem af er ári og betri en á sama tíma á síðasta ári.

Samþykki stjórnar

Stjórn Alfesca hf. samþykkti á fundi sínum 20. febrúar uppgjör annars ársfjórðungs fjárhagsársins 2006-2007. Árshlutauppgjorið er skoðað og áritað sem slíkt af Deloitte.

Kynning á afkomu annars ársfjórðungs

Alfesca hf. mun birta rekstrarniðurstöður annars ársfjórðungs fjárhagsársins 2006-2007 þriðjudaginn 20. febrúar eftir lokun markaða.

Kynningarfundur fyrir hluthafa, markaðsaðila og fulltrúa fjölmiðla verður haldinn á Grand hótél í Reykjavík, **miðvikudaginn 21. febrúar kl. 16:15**. Á fundinum munu stjórnendur félagsins skýra uppgjorið og svara fyrirspurnum. Unnt verður að nálgast kynninguna á vefsvæði félagsins **www.alfesca.com** að fundi loknum.

Fjárhagsalmanak fjárhagsársins 2006-2007

| | |
|------------------|----------------|
| 3. ársfjórðungur | 24. maí 2007 |
| 4. ársfjórðungur | 31. ágúst 2007 |

| | |
|-----------------|--------------------|
| Aðalfundur 2007 | 18. september 2007 |
|-----------------|--------------------|

Nánari upplýsingar:

| | | |
|--------------------|-----------------------------|-----------------|
| Xavier Govare | Forstjóri Alfesca | +33 558 567 300 |
| Antony Hovanessian | Framkvæmdastj. Viðskiptaþr. | +33 558 567 300 |

Um Alfesca

Alfesca er leiðandi á mörkuðum fyrir helstu afurðir sínar - reyktar laxaafurðir, anda- og gæsaafurðir, kældar skelfiskafurðir, blini, ýmsar snakk- og smurvörur auk ýmissa tilbúinna rétta. Vörur Alfesca eru seldar undir vörumerkjunum Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farne en félagið er einnig með sterka stöðu í vörumerkjum verslanakeðja. Áætluð ársvelta Alfesca er um 650 milljónir evra en 3.500 manns starfa hjá félaginu.

Alfesca er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: A).

Upplýsingar um Alfesca má lesa á vefsíðu félagsins - www.alfesca.com

Almennur lagafyrirvari

Í þessari tilkynningu er að finna spár um fjárhagsstöðu og afkomu af rekstri og starfsemi Alfesca. Í eðli sínu tengjast spár og áætlanir áhættu og óvissu þar sem þær eru tengdar atburðum og háðar aðstæðum sem munu eiga sér stað í framtíðinni. Ýmsir þættir geta orðið til þess að raunverulegur árangur eða þróun mála verði í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem fram kemur eða gefið er í skyn í þessum spám eða horfum. Meðal þessara þátta eru hættan á að þróun nýrra vara muni ekki skila tilætluðum árangri, gengissveiflur, samkeppni, verðstýring og verðlækkningar, erfiðleikar við að fá opinber leyfi fyrir vörur og viðhalda þeim, hætta á verulegum skaðsemisábyrgðarkröfum eða hætta á ábyrgð vegna umhverfistjóns.